

Erindisbréf

Starfshópur um Hellisgerði.

Hlutverk:

Meginverkefni starfshóps er að gera 5 ára verkefna- og umbótaáætlun fyrir Hellisgerði með það að markmiði að koma garðinum í gott horf fyrir 100 ára afmæli hans sem er 2023.

Garðurinn var skapaður af hugsjón og áhuga á garðrækt og átti að skapa áhuga almennings á ræktun með það að leiðarljósi að skapa vettvang til útiveru. Garðurinn er vinsæll viðkomustaður og var hann hugsaður sem vin í erli hverdagsleikans þar sem fólk getur sest niður og notið náttúrunnar. Það er mjög mikilvægt að starfshópurinn sé meðvitaður um upphaflegt hlutverk garðsins og beri virðingu fyrir því frumkvöðlastarfi sem Magnamenn stofnendur garðsins hófu vorið 1923.

Þrjú lykilatriði þarf að skoða með beinni tilvísun í hugmyndir frumkvöðla garðsins.

- Að verða skemmtistaður þar sem bæjarbúar eiga þess kost að njóta ánægju og hvíldar. Það þarf að koma upp fjölbreyttum gróðri innlendra sem og erlendra blóma og trjátegunda.
- Að vekja áhuga bæjarbúa á blóma- og trjárækt.
- Að geyma óraskaðar minjar um hið sérkennilega bæjarstæði Hafnarfjarðar.

Til þess að gera þessu verkefni góð skil þarf starfshópurinn að gera 5 ára framkvæmdaráætlun um hvernig best sé að ráðast í verkið. Þessari áætlun þarf að fylgja kostnaðaráætlun.

Það þarf að skila ástandsgreiningu fyrir garðinn og koma með tillögu að úrbótum. Þau atriði sem þarf sérstaklega að skoða eru:

- Allt yfirborð, bæði hellur, hleðslur og tröppur ásamt göngustígum um hraunið.
- Ástand gróðurs og gera tillögur að aukinni fjölbreytni og bæta við sjaldgæfum tegundum eins og gert var í upphafi bæði fjölgæringum, runnum og trjám.
- Lýsingu garðsins.
- Gera innganginn sýnilegri og gera inngönguhamm frá Reykjavíkurvegi og Hellisgötu.
- Fjölbreyttari nýtingu t.d við Oddubæ.
- Hvort þörf er á frekari uppbyggingu mannvirkja.

Skipulag:

Starfshópurinn skal funda að jafnaði á tveggja til fjögurra vikna fresti, greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hennar. Fundargerðir starfshópsins skal leggja fram á fundum umhverfis- og framkvæmdaráðs til kynningar.

Fulltrúar í starfshópnum:

Á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs þann 20. september sl. var samþykkt að skipa starfshópin sem starfar í umboði þess.

Eftirtaldir voru skipaðir í starfshópin:

Helga Ingólfssdóttir formaður

Pórunn Blöndal

Sverrir Jörstad Sverrisson

Með starfshópnum munu starfa fyrir hönd umhverfis- og skipulagsþjónustu Berglind Guðmundsdóttir, landslagsarkitekt og umhverfisfulltrúi og Ingibjörg Sigurðardóttir garðyrkjustjóri.

Starfstími starfshópsins:

Gert er ráð fyrir 5-8 fundum og að starfshópurinn ljúki störfum eigi síðar en 1. maí 2018.

Erindisbréf staðfest í umhverfis- og framkvæmdaráði 1. nóvember 2017